

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði.

*Reynivellir II, deiliskipulagsbreyting.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Reynivalla II á fundi sínum 7. apríl 2022. Í breytingunni felst að heildar byggingarmagn á byggingarreit fyrir hótél og sundlaug eykst úr 4.800 m<sup>2</sup> í 6.000 m<sup>2</sup>. Hámarkshæð húss hækkar úr 10 m í 11 m frá aðkomugólfi.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, deiliskipulagsbreyting.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi á fundi sínum 7. apríl 2022. Í breytingunni felst að skipulagssvæðinu, ásamt heimildum og ákvæðum innan þess, er hliðrað um u.þ.b. 500 m til austurs.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Sveitarfélaginu Hornafirði, 8. apríl 2022.*

**Brynja Dögg Ingólfssdóttir**, umhverfis- og skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 28. apríl 2022